

Stjórnarfundur 5 þriðjudaginn 6. október 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt: Jason Ívarsson formaður, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Kristján Geir Guðmundsson, Steinn Einarsson. Sigurbjörn Árni Arngrímsson var á Skype og Stefán Jóhannesson í síma.

Afboð og mættu ekki: Árni Jón Eggertsson og Brynja María Ólafsdóttir

Dagskrá

- **Mótamál**
 - Sporttv
 - Annað, styrktarsamningar
- **Landsliðsmál**
 - Ferðakostnaður
 - Annað, samningar, fararstjórn, markmið
- **Önnur mál**
 - Tæki
 - PING CEV og fl.

Fundargerð

Mótamál

- Jason byrjaði á því að segja frá fyrsta úrvalsdeildarleik í Grundafirði sl. fimmtudag. Formaður mætti á leikinn f.h. BLÍ og óskaði þeim formlega til hamingju með skrefið í ræðu fyrir leik.
- Nokkur umræða var um kynninguna frá Sporttv og fundarmenn almenn á því að taka skrefið. Allt snýst þetta um fjármögnun og kom fram niðurstaða stjórnar.
- Niðurstaða: Samþykkt var að byrja strax á útsendingum en semja við Sporttv um að bíða með skuldbindinguna fram til 1. nóvember svo andrými gefist í að tala við fyrirtæki sem þurfa að koma að þessu. HT vinnur málið áfram og fær með sér fleiri til að vinna í styrkjum.
- Bikarkeppnin hefst um og eftir miðjan október. Niðurröðun leikja er að klárast í samráði við liðin í 1. umferð.
- Rafræn leikskýrsla: Það gengur mjög vel með skýrsluna og lítið sem hefur komið upp á með notkun á henni. Allt er þetta nýtt og tekur tíma að aðlagast. Okkur sýnist samt virknin vera í lagi hvað útstillingu varðar á úrslitum.
- DataVolley: Tölfræðihlutinn hefur verið erfiðar. Við höfum Óla J með okkur í þessu en hann hefur tekið að sér að fara yfir leiki svona til að byrja með. Hann tekur niður punkta og sendir út á félögin til að leiðbeina. Þetta verður svona fyrst um sinn en við þurfum þolinmæði til að komast yfir erfiðasta hjallann.
- Rætt var um einstaklingsmyndir hjá liðunum. Þær ættu að vera með reglum frá BLÍ. Það er ekki virðingarvert að myndir séu einhverjar skopmyndir sem er mögulega fyndið innan liðsins. Myndirnar koma á vefsíðu BLÍ og þarf því að hafa strangar reglur um þær.
- Talað um aðgengi að leikjum og aðgangseyri. Jákvæð umræða og vonast er til að félögin taki upp að selja inn á sína leiki. Við erum með vöru í höndunum sem þarf að selja.

Landsliðsmál

- Rætt var um ferðakostnað innanlands í landsliðsverkefnum. Sævar lagði fram tillögu að breyttum aðferðum hvað þetta varðar sem kemur sér vel fyrir landsliðsmanninn og einfaldar mikið starf BLÍ. Tillagan skal send inn til landsliðsnefndar BLÍ til umfjöllunar.
- Rætt var um skipulags- og framkvæmdarmál landsliðanna. Tvennt kemur til umræðu, útvegum tíma í íþróttahúsum til landsliðsæfinga og tímasetningar á vali þjálfara. Þetta veldur miklum vandræðum þegar á hólminn er komið og ljóst að þessa hluti þarf að fastsetja í skorður.
- Landsliðsnefnd hefur þann kost að fella niður æfingar.
- Drög að samningum voru lögð fram á fundinum fyrir starfslið landsliðanna sem eru þess eðlis að þarna höfum við eitthvað á bakvið okkur og líka tímaramma fyrir þjálfara.
- Stefán talar um að við höfðum lent í vandræðum útaf því að þjálfari skilaði ekki nafnalista.
- Aðrir fundarmenn kölluðu eftir reglum á blaði fyrir landsliðsstarfið.

- Annað var rætt um landsliðsmál. T.d. kom fram að stjórnin ætti að koma að því að samþykkja ráðningarsamninga þar sem stjórnin ber á endanum fjárhagslega ábyrgð. Það ætti líka að kynna fyrir stjórn kostnaðaráætlun fyrir möguleg Verkefni áður en ráðist er í það. Um leið og eitthvað er ákveðið þarf að kynna fyrir stjórn og fá blessun.
- Stóra Kreditkort málið datt inn sem umræða og er það í vinnslu.

Önnur mál

- EM á Íslandi. Sævar og Jason gera snögga könnun á gistingu fyrir annað hvort 2016 eða 2017.
- Tækin sem KGG er með eru til sölu til sambandsins fyrir lága upphæð. Um er að ræða fjarskipta tæki sem geta komið vel að gagni með landsliðunum í framtíðinni sem og dómurum.
- EM þing: Jason og Sævar fara til Búlgaríu í næstu viku. Sævar verður á námskeiði en Jason á þingunum. Framundan eru kosningar til forseta CEV og eru tveir í framboði. Þá er Ísland að senda Guðmund Helga Þorsteinsson í framboð í stjórn CEV.
- Jason sótti SCD fund um daginn þar sem kynnt var Afreksmiðstöð í Strandblaki niður í Portúgal. Bæklingur lagður fram á fundinum til skoðunar.
- Í framhaldinu var sagt frá fundi SJ, JÍ og SMG með strandblaknefndinni í síðustu viku. Nokkuð verður um breytingar á fyrirkomulagi bæði hvað Íslandsmótin varðar og landsliðsmál.
- Bréf frá Gunnu Stínu tekið fyrir um Haustmót BLÍ. HT tók að sér að svara bréfinu.
- KGG kom með þá tillögu að fá erlenda dómara í bikarúrslitin – þá frá Skotlandi.
- Hrafnhildur bað um þessa bókun: Ég óska eftir því að stjórnarmenn BLÍ skoði vel tölvupóstinn sinn og að stjórnin afgreiði mál í tölvupósti á milli funda. Þurfum að vera mun duglegari við það.

Fleira var ekki rætt á fundinum

fundu slitið kl.19:00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð